

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 8. janúar 2025

Fyrirlesari: Hjörleifur Guttormsson, fyrrum alþingismaður og ráðherra

Efni: „Í spor Sigurðar Gunnarssonar, 1812-1878”

Mættir: 77 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund kl. 16 og óskaði félagsmönnum gleðilegs árs. Hann rakti að venju stuttlega það sem er framundan og minnti á málþing og hádegisfund á vegum Öldungadeildar á Læknadögum í þarnæstu viku. Hann minntist tveggja látinna félaga, þeirra Bjarna Þjóðleifssonar og Guðmundar Jónmundssonar. Þvínæst kynnti hann fyrirlesara dagsins, Hjörleif Guttormsson, fyrrum alþingismann og ráðherra, en einnig rithöfund; hann er m.a. höfundur nokkurra árbóka Ferðafélags Íslands og nú síðast bókar sem heitir “Í spor Sigurðar Gunnarssonar” og fjallar um og innheldur bréf og ritsmíðar þessa langafa Hjörleifs og var efni fyrirlestrarins. Sigurður var fæddur 1812 í Öxarfirði. Hann missti barnungur báða foreldra og naut engrar formlegrar menntunar til 18 ára aldurs. Þá lærði hann smíðar og fékkst við þær alla tíð síðan en loks lá leiðin í Bessastaðaskóla. Sigurður var ákaflega fjölhæfur og átti sér mörg hugðarefni sem hann sinnti vel. Hann varð prestur á Austurlandi, en raunar stóð hugur hans upphaflega frekar til kennarastarfa, sem hann stundaði lengi, þjónaði svo í þremur kirkjum og var loks prófastur á Hallormsstað. Ungur hóf hann ferðir um hálendi og óbyggðir og velti m.a. fyrir sér vegagerð. Hann átti líflæg bréfaskipti við Jón Sigurðsson og var ötull liðsmaður sjálfstæðisbaráttunnar. Bókmenntaáhugi leiddi til samvinnu við Jón Árnason, þjóðsagnasafnara; sinnti líka ýmiss konar skrifum, m.a. fréttapistlum um Dyngjufjallagosið 1875. Hann var hvatamaður framfara í jarðrækt og landbúnaði og stofnunar hlutafélags um verslunarrekstur á Vestdalseyri. Hann varð fyrir þeirri ágæfu að missa 8 af 11 börnum sínum, þar af nokkur vegna nýburastífkrapma, eða trismus. Svili Sigurðar, Gísli Hjálmarsson, var menntaður læknir og þeir áttu í bréfaskiptum og fór Sigurður að sinna læknisstörfum í hjáverkum af nauðsyn. Þannig kom það til að Zeuten, sem skipaður hafði verið héraðslæknir á Austurlandi, samdi við hann að gegna fyrir sig þar til hann gat komist austur. Sigurður sinnti þessum læknisverkum af bestu getu og mikilli samviskusemi og hélt um þau nákvæmar skýrslur. Það var í einni læknisferð sem hann lenti í hrakningum og dó í kjölfarið, 66 ára. Að lokum sýndi Hjörleifur nokkrar myndir af stöðum á Austurlandi og afkomendum dætra Sigurðar, margt þjóðþekkt fólk. Í umræðum að loknum fyrirlestri var spurt nánar út í læknisverkin, sem Sigurður vann í fullu umboði landlæknis. Hann fékk endurgreiðslur vegna meðalakaupa en engin laun.

Formaður færði fyrirlesara bók sína um Sigurð Breiðfjörð að gjöf og sleit fundi kl. 16:54